

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Deiliskipulag Byggða, Hæðarbyggð 26.*

Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarreitur minnki til suðausturs að Hæðarbyggð 28 um 13 metra en lengist til suðvesturs um 4,3 metra.

*Deiliskipulag Garðahrauns, Hraunprýði 6-10.*

Breytingin gerir ráð fyrir að fjölgað verði um eina íbúð í raðhúsalengjunni Hraunprýði 6-8-10. Stærð byggingarreits og byggingarmagn helst óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 23. ágúst 2011.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. ágúst 2011